

Menntamálaráðuneytið
Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra
Sölvhóls götu
101 Reykjavík.

Reykjavík 15. febrúar 2019.

Efni: Umsögn Torgs ehf., útgáfufélags Fréttablaðsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.)

I. Almenn.

Hinn 31. janúar sl. var birt á samráðsgátt stjórnvalda ofangreint frumvarp.

Hér á eftir fer umsögn Torgs ehf., sem gefur út Fréttablaðið, sem er mest lesna dagblað landsins. Torg er dótturfélag 365 miðla hf., sem fram til 1. desember 2017 var stærsta einkarekna fjölmiðlafyrirtæki landsins, en þá yfirtók Sýn (Vodafone) rekstur ljósvakamiðla, sem áður höfðu verið í eigu 365.

Torg fagnar því að stjórnvöld í landinu hafi áttað sig á þeirri grafalvarlegu stöðu sem er til staðar í landinu varðandi rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla og tekur undir þær áhyggjuraddir sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu. Þar er síst of mælt, enda staðan alvarleg og tvísýnt er um rekstrarforsendur fjölmiðla sem reka öflugar fréttastofur. Þessi staða er heldur ekki bundin við Ísland en fyrr í vikunni kom út skýrsla um framtíð breskra fjölmiðla á vegum breska menntamálaráðuneytisins, svokölluð “Cairncross skýrsla”. Meðal niðurstaðna skýrslunnar var að erfitt væri fyrir hefðbundna fjölmiðla að lifa af í breyttu landslagi, og að slíkt gæti haft óafturkræfar afleiðingar fyrir lýðræðið. Þá mælti skýrsluhöfundur með að sérstök rannsókn færi fram á starfsemi Facebook og Google á auglýsingamarkaði, en bandarísku risarnir tveir taka til sín æ stærri bita auglýsingakökunnar. Til þess nota þau fréttir hefðbundinna miðla án þess að eðlilegt endurgjald komi fyrir.

Í ljósi þeirrar grafalvarlegu stöðu sem ríkir á milljónamarkaði eins og þeim breska, er rétt hægt að ímynda sér hvernig málum er háttað á íslenskum örmarkaði. Mikilvægt er að hafa í huga að eins og staðan er núna er langt í frá sjálfgefið að á komandi misserum eða árum verði til staðar öflugir einkareknir fjölmiðlar hér á landi. Verði ekki brugðist við er ljóst að staðan getur á skömmum tíma orðið sú að einkareknir fjölmiðlar sem halda úti öflugum fréttastofum verði einfaldlega ekki til. Stjórnvöld og löggjafinn verða að hafa þetta í huga, þegar fjallað er um umhverfi íslenskra einkarekinna fjölmiðla á árinu 2019 og horfur á næstu árum.

Torg telur hins vegar að fyrirliggjandi frumvarp leysi ekki að neinu leyti þau vandamál sem innlendir miðlar standa frammi fyrir. Ganga þarf mun lengra til að tryggja samkeppnishæfni þeirra. Staðreyndin er sú að staða einkarekinna fjölmiðla hér á landi verður hvorki rædd né skoðuð nema í samhengi við starfsemi RÚV á fjölmiðlamarkaðnum. Slík yfirburðastaða ríkisfjölmiðils er óþekkt á alþjóðavísu og séríslenskt fyrirbæri. Sem meira er þá hafa framlög ríkisins aukist um ríflega 40% frá því að skýrsla um stöðu RÚV kom út í árslok 2015. Þegar þá þótti skýrsluhöfundum nóg um.

Að mati Torgs er enginn vafi á því að yfirburðastaða RÚV á markaði er stærsta ástæðan fyrir því að einkareknir miðlar standa höllum fæti á þessum markaði. Skiptir þar engu hvert litið er svo sem á markaðinn fyrir efniskaup, auglýsingar, mannráðningar, fjárhagslegan styrkleika og hvaðeina annað. Á síðustu árum hefur RÚV hert tökin enn frekar. Þegar bætist við samkeppni um auglýsingafé við erlenda aðila, sérstaklega Facebook og Google, fer staðan úr því að vera erfið í nánast vonlaus.

Eins og rakið verður hér síðar telur Torg að við setningu slíkra laga eigi að nota tækifærið og sníða stakk RÚV þrengri en hann hefur verið, en á sama tíma efla kjarnastarfsemi RÚV, sem liggur í menningarstarfsemi.

II. Samantekt á tillögum Torgs (“Executive Summary”)

- Torg leggst gegn því að frekari fjármunum verði veitt til fjölmiðla úr ríkissjóði. Þeir 4,7 milljarðar króna sem áætlaðir eru á fjárlögum þessa árs duga og ríflega það. Hluta þeirra fjármuna þarf hins vegar að endurúthluta frá Ríkisútvarpinu og til einkamiðlana

- Torg telur fyrirbyggjandi frumvarpsdrög ófullnægjandi en gerir þó eftirfarandi meginathugasemdir:
 - Skilyrði til endurgreiðslu verði breytt þannig að ritstjórnarefni verði 30% en ekki 40% að lágmarki;
 - Skilyrði um lágmarksstærð verði breytt þannig að á styrkhæfri fréttastofu þurfi að starfa að minnsta kosti tuttugu manna ritstjórn;
 - Þak endurgreiðslu verði hækkað.

- Torg telur breytingar á fjölmiðlaumhverfi marklausar nema að tekin sé afstaða til fordæmalausrar yfirburðastöðu RÚV á markaði. Torg leggur því m.a. til eftirfarandi:
 - Einum milljarði af nefskatti til RÚV verði endurúthlutað til einkamiðlanna og gerð sparnaðarkrafa til RÚV á móti;
 - Þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði verði takmörkuð við einn milljarð í tekjur á ári hverju. Auglýsingadeild RÚV verði lögð niður, og sala boðin út til birtingarhúsa í almennu útboði;
 - Samkeppnislög verði aðlöguð að raunverulegu umhverfi á fjölmiðlamarkaði;
 - Skerpt verði á menningarlegu hlutverki RÚV, og RÚV verði meinuð efniskaup í samkeppni við einkamiðla

- Sem áður sagði hafa tillögur Torgs engan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð frá því sem nú er.

Fjallað er um efnið á umfangsmeiri hátt hér að neðan.

III. Frumvarpið

Eins og vikið verður að í IV. kafla leggur Torg til aðra nálgun, en kemur fram í frumvarpinu varðandi stuðning við einkarekna fjölmiðla. Verði sú leið ekki farin, hefur Torg eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið sjálft.

1. Torg leggur til að g lið um skilyrði til endurgreiðslu verði breytt þannig að ritstjórnarefni skuli að lágmarki vera 30% í stað 40%. Ástæða þess er sú að við lauslega talningu á þessu hlutfalli í Fréttablaðinu er ljóst að blaðið er á mörkum þess að uppfylla skilyrðið.

Ef slík lög væru sett og stærsti prentmiðill landsins gæti ekki fengið styrk vegna þess að hann uppfyllti ekki skilyrðin er ljóst að lögin væru að engu leyti að ná tilgangi sínum.

2. Torg leggur til að í lið um skilyrði til endurgreiðslu verði breytt þannig að lágmarki verði gert ráð fyrir a.m.k. tuttugu manns á ritstjórn í stað þriggja eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Öflug fréttastofa, sem hefur einhverja þýðingu fyrir samfélagið verður ekki rekin af þremur starfsmönnum. Miðill með svo fáa starfsmenn verður aldrei neitt annað en vettvangur persónulegra skoðana þeirra sem þar starfa, sem að mati Torgs hefur ekki þá þýðingu fyrir samfélagið að rétt sé að styrkja með opinberu fé. Á einu ári hafa birst 36.700 fréttir/greinar á vefnum frettabladid.is. Það gera að meðaltali góðar 100 fréttir á dag. Útilokað er fyrir þrjá einstaklinga að afkasta einhverju í líkingu við það. Það getur varla verið réttlætanlegt að styrkja miðil með ríkisfé sem birtir fjölda fréttu teljandi á fingrum annarrar handar á hverjum degi, sem í mörgum tilvikum er fjölfaldað eða endursagt af öðrum miðlum. Hvað þá að til slíkra miðla renni hlutfallslega mun hærri fjárhæðir, en til þeirra miðla sem halda úti metnaðarfullum fréttastofum sem sinna almannaþjónustuhlutverki.
3. Með því að gera að skilyrði að einungis séu þrír starfsmenn og einn hjá staðbundnum miðlum er verið að hvetja til að búnir séu til örmiðlar, sem hafa takmarkaða þýðingu fyrir samfélagið í heild sinni. Engin þörf er á því sérstaklega þar sem auðvelt er fyrir einstaklinga að koma skoðunum sínum á framfæri í gegnum samfélagsmiðla. Tilgangur laga sem þessara á að vera að viðhalda fréttáþjónustu, sem hefur þýðingu fyrir almenning. Vandamál íslenskra fjölmiðla er ekki rekstrarumhverfi örmiðla. Þar hefur verið mikil gróska á undanförunum árum. Styrkveitingar til slíkrar starfsemi draga úr tilgangi laganna og auka hættuna á því að peningar dreifist um allt í það litlum upphæðum að þeir skili litlum eða engum árangri – auk þess sem þessi leið opnar á lagasniðgöngu þannig að miðlar fari og skipti sér upp í fleiri sjálfstæða lögaðila eingöngu í þeim tilgangi að geta fengið hærri styrk. Í þessu samhengi er einnig rétt að hafa í huga að litlir miðlar á netinu hafa sífellt meira gert að því að flytja fréttir annarra miðla, annað hvort með krækjum eða endursögn. Vandséð er hvaða tilgangi það þjónar að veita opinberu fé í þá starfsemi.

Við mat á þessu verður að hafa í huga að það eru einungis þrjár einkareknar fréttastofur í landinu sem hafa samfélagslega þýðingu og veita fréttastofu RÚV aðhald, þ.e. fréttastofa Fréttablaðsins, Árvakurs og Sýnar. Aðrir miðlar hafa ekki slíka starfsemi að réttlætanlegt sé að styrkja hana með opinberu fé – a.m.k. ekki meðan féð sem á að veita í þennan málaflokk er ekki meiri en lagt er til. Í kafla IV er hins vegar að finna tillögu Torgs sem gerir ríkinu kleift að styrkja þá starfsemi, án nokkurrar útgjaldaaukningar. Að mati Torgs ætti að styrkja þau ákvæði frumvarpsins að skilyrði þess að fá styrk sé að viðkomandi fyrirtæki reki öfluga fréttastofu með hlutverk og tilgangi í þágu alls almennings. Til að stjórnvald þurfi ekki að beita huglægu viðmiði þar er best að miða við að starfsmenn séu samtals tuttugu að lágmarki.

4. Torg gerir athugasemdir við þak endurgreiðslunnar og telur að það eigi að vera hærra, svo lögin nái tilgangi sínum og hlutfall þess sem er endurgreitt lækkað niður í t.d. 15%. Með því er gerður meiri munur milli hinna stóru miðla eins og Torgs og annarra smærri miðla, sem þó er rétt og eðlilegt að styrkja. Eins og þessu er stillt upp í frumvarpinu myndi Torg t.d. fá kr. 50.000.000 en annar miðill á markaði sem hefur mun minni hlutdeild og kemur miklum mun sjaldnar út, einhver staðar í kringum kr. 40.000.000. Að mati Torgs væri það skrýtin útkoma.

Torg gerir athugasemd við að í markmiðsákvæði frumvarpsins segi að um sé að ræða „tímabundinn“ stuðning. Torg skilur ekki af hverju þetta orð er notað, þar sem væntanlega njóta miðlar stuðnings á grundvelli laganna verði þau samþykkt, svo lengi, sem þau eru í gildi. Löggjafinn getur hvenær sem er fellt lög úr gildi og þarf ekki að taka slíkt fram. Torg leggur til að orðið „tímabundinn“ verði fellt út.

Verður þá vikið að hugmyndum Torgs um það hvernig starfsemi og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði verði best tryggð, með sem minnstum tilkostnaði.

IV. Hugmyndir Torgs um styrki til einkarekinna fjölmiðla

Eins og vikið var að í inngangi er það mat Torgs að öll umræða um stöðu einkarekinna fjölmiðla hér landi verði ekki tekin, nema á sama tíma sé vikið af starfsemi RÚV á markaðnum. Á

undanförnum árum hefur starfsemi þess vaxið verulega og hún þrengt mun meira að rekstri annarra fjölmiðla, en áður var.

Nú er svo komið að enginn einkarekinn miðill kemst með tærnar, þar sem RÚV hefur hælana. Við þetta verður ekki lengur búið

Staðan í dag er sú að RÚV eru ætlaðar kr. 4.7 milljarðar á fjárlögum. Árið 2014 nam beint framlag um 3.3 milljörðum. Beint framlag til RÚV hefur því vaxið um kr. 1.4 milljarða á þessum tíma. Á sama tíma hafa aðrir miðlar horft fram á tekjusamdrátt. Með fjölgun skráðra lögaðila og fólksfjölgunar í landinu, aukast alltaf tekjur RÚV, án þess að kostnaður við rekstur RÚV aukist neitt. Þrátt fyrir þetta hefur rekstur RÚV lítið sem ekkert lagast og verður ekki öðru um kennt en sóun í rekstri RÚV.

Í því samhengi er rétt að rifja upp að í skýrslu nefndar um starfsemi og rekstur RÚV, sem kom út í október 2015, kom fram að ríkisframlög til RÚV hefðu í árslok 2014 verið fjórðungi hærri á hvern íbúa heldur en að meðaltali í þeim samanburðarlöndum sem skýrslan tók til. Hafa skal í huga að síðan hefur framlag ríkisins til RÚV aukist um 1.4 milljarða króna ári, eða sem nemur um 42%!

Því verður að telja að opinber framlög til RÚV, sem þegar árið 2014 voru sennilega heimsmet, eru nú í algerum sérflokki á alþjóðavísu. Þá er þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði alveg ótalin, en RÚV hefur bætt við sig um 500 milljónum af markaðshlutdeild á þeim markaði síðan skýrslan kom út, á meðan aðrir miðlar hafa verið að gefa eftir.

Skýrsluhöfundar lýstu þegar áhyggjum árið 2014, og ljóst má vera að þeir höfðu ekki erindi sem erfiði, enda virðast viðbrögð stjórnvalda hafa verið að gefa í frekar en stíga á bremsuna gagnvart ríkismiðlinum.

Nefskatturinn er hins vegar ekki eina forskotið sem RÚV hefur á markaði. Bakhjarl RÚV er Evrópusamband sjónvarpstöðva, sem veitir því margvíslega þjónustu, þ.m.t. aðgang að efni, eins og Júróvisjón, sem RÚV selur gríðarlegt magn auglýsinga út á á hverju ári. Þá felst í þessu tæknilegt forskot.¹

¹ Á heimasíðu sambandsins er því m.a. lýst með þessum orðum. „You are part of a unique community of media organizations that together provide a powerful voice championing and upholding the values of PSM. We are a network of like-minded people that not only share the same ideals but come together to share knowledge, ideas and inspiration”.

Ríkisstöðvar Norðurlandanna eiga í gjöfulu og góðu samstarfi á ýmsum sviðum. Stöðvarnar vinna saman að dagskrárþróun, samframleiðslu og kaupum og skiptum á dagskrárefni. Þá deila stöðvarnar reynslu og þekkingu og bera saman bækur sínar, þ.m.t. um efnisframboð. Þættirnir Ófærð eru til dæmis styrktir af öllum norrænu ríkisstöðvunum, sem kemur í gegnum RÚV og gerir það að verkum að slík framleiðsla getur einungis átt sér stað innan RÚV. Þegar í ofanálag RÚV selur auglýsingar í tengslum við þetta efni er ljóst að einkareknir miðlar eiga ekki möguleika.

Torg er ekki að leggja til að samstarfi RÚV við evrópskar systurstofnanir verði hætt, en bendir á þetta til að vekja athygli á því að yfirburðarstaða RÚV verður ekki bara skoðuð út frá tekjuforskotinu. Hins vegar hlýtur það að vekja upp áleitnar spurningar að RÚV herjar líka á innlenda opinbera sjóði, eins og Kvikmyndasjóð. Á árunum 2012 til 2016 úthlutaði Kvikmyndamiðstöð Íslands 578 milljónum króna til handritagerðar, þróunar og framleiðslu leikins sjónvarpsefnis. Þættir sem hafa verið sýndir á RÚV tóku til sín tæplega 45% af öllum styrktarúthlutunum Kvikmyndamiðstöðvar eða 257,8 milljónir króna á þessu fimm ára tímabili. Sá styrkur er til viðbótar því sem RÚV fær í formi nefskatts og auglýsingafjár. Um þetta hefur verið lítið fjallað, en rétt að horfa til við mat á þessum markaði.

Í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar frá 2014 var jafnframt tekinn samanburður við rekstur 365 miðla hf. sem þá rak þá ljósvakamiðla sem nú eru í höndum Sýnar. Niðurstaðan var sú að RÚV kostaði ríflega 50% meira til rekstrar á sambærilegri starfsemi en 365. Hjá RÚV störfuðu einnig ríflega tvöfalt fleiri starfsmenn, jafnvel þótt starfsemi og útsendingartími einkamiðilsins væri viðameiri samkvæmt öllum mælikvörðum. Ljóst er að bilið hefur breikkað enn frekar frá því sem áður var, eftir því sem framlög til RÚV hafa hækkað og hlutdeild hefðbundinna fjölmiðla á auglýsingamarkaði minnkað enn frekar.

Það þarf ekki að útskýra það frekar að í rekstri RÚV er pottur brotinn. Alltof miklu er kostað til, og alltof litlu áorkað. Sem dæmi má nefna að nýtt fréttasett kostaði RÚV tæpar 200 milljónir króna, meðan 365 setti upp nýtt fréttasett tveimur árum fyrr fyrir fréttastofu Stöðvar 2 fyrir 12 milljónir króna. Sjálfsagt er hægt að deila um hvort er flottara, en það er a.m.k. ljóst að tæplega 16 faldur verðmunur er með öllu óskiljanlegur og getur ekki skýrst af öðru en soun á fé í rekstri RÚV, eins og því miður tíðkast allt of víða í opinberum rekstri og mikið hefur verið fjallað um og það réttilega upp á síðkastið.

Tillaga Torgs um stuðning við einkarekna miðla er að ríkisútgjöld verði ekki aukin um krónu, heldur verði byggt á eftirfarandi nálgun:

1. Tekinn verði einn milljarður af nefskatti RÚV og honum deilt út til einkarekinna miðla. Miðað verði við að þær þrjár fréttastofur, sem sinna almannþjónustu hér á landi, þ.e. fréttastofur Árvakurs, Sýnar og Torgs, fái u.þ.b. 200 milljónir hver á ári. Samtals fjögurhundruð milljónum verði veitt til starfsemi annarra miðla, sem er þá hægt að hlúa að og styrkja og auka fjölbreytni, þannig að um muni. Miðað við það frumvarp sem liggur fyrir er ljóst að ekkert svigrúm er til þess. Með þessu eru útgjöld ríkisins ekki aukin og RÚV gert að sýna meira aðhald í rekstri en verið hefur og þar með auka súrefni á markaðnum til einkarekinna miðla. Þessi fjárhæð er ekki nema tæplega 2/3 þeirrar fjárhæðar sem bein framlög til RÚV hafa aukist um síðustu fimm ár. Hér er því verulegt svigrúm að flytja fjármuni til í kerfinu, án þess að auka á sama tíma útgjöld ríkisins.
2. Á sama tíma verði auglýsingasölu RÚV sett eftirfarandi takmörk, sem einnig mun nýtast einkareknum miðlum á markaðnum.
 - a. RÚV selji einungis auglýsingar fyrir kr. 1.000 milljónir á ári, í stað kr. 2.300 milljóna eins og staðan er í dag.
 - b. RÚV verði óheimilt að selja kostanir.
 - c. Auglýsingadeild RÚV verði lögð niður og einhverju birtingarhúsanna falið að sjá um söluna að undangengnu útboði. Að mati Torgs er kostnaður við rekstur auglýsingadeildar RÚV u.þ.b. 300 til 400 milljónir króna á ári, sem er sú fjárhæð sem myndi sparast í rekstri RÚV við þessa breytingu.
 - d. RÚV hætti rekstri Rásar 2.
 - e. RÚV hætti kaupum á dýru erlendu efni í samkeppni við einkaaðila, s.s. afþreyingarefni, þ.m.t. íþróttæfni að undanskildu viðburðum, þar sem íslenskt landslið keppnir. Innkeypt efni verði að hafa upplýsandi eða menningarlegt gildi og skuli vera þeirrar gerðar að markaðurinn sjái áhorfendum ekki þegar fyrir slíku efni. Hér mætti að mati Torgs einfalda málið og setja þá reglu að RÚV keypti einungis efni frá öðrum ríkismiðlum.
 - f. Vefi RÚV á netinu yrði breytt þannig að meiri áhersla verði lögð á efnisþátt vefsins í stað fréttu í dag.

Á sama tíma væri menningarstarfsemi RÚV aukin og RÚV gert að sinna því hlutverki sínu enn betur en gert er í dag. Torg leggur áherslu á að það leggst ekki gegn starfsemi RÚV á þeim markaði. RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu og á að gera það áfram. Það hlutverk sést best í dagskrá Rásar 1, sem hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir samfélagið í heild sinni, bæði varðandi málefni líðandi stundar, sagnfræðilegt efni, leiklist, bókmenntir, auk annars mikilvægs efnis, sem þar er flutt. Í sjónvarpsdagkrá RÚV er einnig að finna mikilvægt efni, sem rétt er og eðlilegt að sjónvarpsstöð RÚV sýni. Það er hins vegar glórulaust að þar sé einnig sýnt efni, sem kostar mikla fjármuni og hefur enga fræðilega eða menningarlega skírskotun og er ekki til annars fallið en takmarka og hefta starfsemi einkarekinna miðla.

Hægt er að líkja rekstri RÚV og starfsemi þess á auglýsingamarkaði við hund sem eltir skottið á sér. Til þess að vera jafn öflugt á auglýsingamarkaði og RÚV er, verður RÚV að sýna efni, sem mikið áhorf er á. Slíkt efni kostar mikla fjármuni og til þess að geta keypt það, verður RÚV að selja mikið af auglýsingum og halda úti dýrri og útgjaldafrekri auglýsingadeild. Þessi starfsemi dregur síðan allan mátt úr einkareknum miðlum hér á landi og veldur bæði hækkun á innkaupsverði og minnkar auglýsingakökuna sem verður eftir til skiptanna fyrir aðra en RÚV.

Tillögur Torgs fela í sér að rjúfa þessa hringekju, án þess að skert sé menningarhlutverk RÚV eða kjarnastarfsemi. Torg leggur til að á því sviði verði starfsemi RÚV aukin og hlúð betur að henni. Torg telur til að mynda að RÚV ætti að gera meira af því að setja gamalt hljóð- og myndefni inn á vef sinn og gera safn sitt enn betur aðgengilegt en verið hefur, þannig að fólk í landinu hafi betra aðgengi að safni RÚV sem og einkareknir miðlar. Eitt af hlutverkum RÚV er að vera skjalasafn fyrir hljóð- og myndefni landsins. Í því samhengi má nefna að einkamiðlar, til að mynda Sýn, Síminn og Nova, búa yfir fullkominni tækni til að gera slíkt efni aðgengilegt gegnum efnisveitur sínar. Óþarf væri því fyrir RÚV að ráðast í dýra tæknilega uppbyggingu.

V. Önnur atriði.

Torg telur einnig rétt að við lagabreytinguna verði horft til annarra hluta.

1. Skoða skattaávilnanir fyrir fjölmiðla, t.d. í gegnum tryggingargjald.
2. Rétt sé að fella niður hlutafélagaform RÚV og koma RÚV inn á fjárlög aftur, eins og var. Hlutafélagavæðing RÚV hefur ekki skilað neinu nema ógegnsæi í rekstri félagsins.

3. Breyting á samkeppnislögum. Á komandi árum munu breytingar á fjölmiðlaumhverfi halda áfram. Við einhverju verður hægt að bregðast en öðru ekki. Alls staðar í heiminum eiga fjölmiðlar undir högg að sækja. Samrunar miðla hafa átt sér stað, rekstrartengingar við fjarskiptafyrirtæki auk annars. Nægir þar að nefna samruna Disney og Fox og AT&T og Warner, auk kaupa Comcast á hinu breska Sky. Staðan er svo enn tvísýnni meðal hreinna fréttamiðla, en systurlöðin Sunday Times og Times í Bretlandi, hafa nýverið sótt um að felldar verði niður áratugagamlar amkeppnishömlur, sem komið hafa í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu hvað varðar yfirstjórn og ritstjórnir.

Ef alþjóðlegir risar telja erfitt að lifa af án sameininga og róttækra breytinga á rekstrarumhverfi, geta stjórnvöld rétt ímyndað sér hvernig málið horfir við íslenskum miðlum sem eru örsmáir í alþjóðlegu samhengi.

Á sama tíma stendur þjóðfélaginu ákveðin ógn af þessum breytingum með tilheyrandi falsfréttum, sem gera ekkert annað en skapa upplausn í samfélaginu. Af þessu öllu stendur lýðræðinu ógn. Það er því mikilvægt að fjölmiðlar eigi þess kost að geta hagrætt sem mest í sínum rekstri. Það er enginn vafi á því að það er betra að til sé ein öflug einkarekin fréttastofa í landinu, en engin. Það er því að mat Torgs að stjórnvöld hugi að því hvort ekki sé rétt að breyta samkeppnislögum í þá átt að auðvelda fjölmiðlum samruna. Mikilvægt er að hafa í huga að fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum verðu ekki tryggt, ef enginn fjölmiðill er eftir.

4. Torg leggur til að heimilt verði að auglýsa áfengi og lyf. Um er að ræða löglegar vörur, sem þó er rétt að lúti einhverjum reglum varðandi ábendingu um skaðsemi. Það er eitthvað rangt við að hér á landi megi auglýsa skotvopn, en ekki áfengan bjór. Því þarf að breyta.

VI. Niðurlag.

Eins og þessi yfirferð ber með sér er ljóst að fjölmiðlamarkaðurinn stendur á miklum tímamótum, eins og annarsstaðar. Því miður er staðan sú að aðgerða af hálfu ríkisvaldsins er þörf hér á landi. Þá er mikilvægt að staldrað sé við og teknar séu réttar ákvarðanir. Mikilvægt er að það séu ekki bara afhentir einhverjir fjármunir úr ríkissjóði, sem breyta síðan litlu sem engu þegar uppi er staðið, annað en að útgjöld ríkisins aukast. Það er enginn akkur með slíkum aðgerðum og leggur því Torg til aðra nálgun, sem er að mati Torgs ábyrgðarfyllri heldur en það frumvarp sem er til umsagnar. Torg ítrekar umfjöllun sína um RÚV og telur nú vera tækifæri til að laga og breyta rekstrarumhverfi RÚV, í þeim tilgangi að bæta hag einkarekinna miðla, án þess að auka útgjöld ríkisins á sama tíma, þó þannig að grunnstarfsemi RÚV sé eflid.

Staðreyndin er einfaldlega sú að ef ekki verður tekið núna á starfsemi RÚV á markaðnum verður frumvarp eins og hér er til umsagnar aldrei annað en lítill plástur á blæðandi sár. Fjölmiðlaumhverfið á Íslandi þarf ekki frekari niðurgreiðslu frá hinu opinbera, heldur þarf einungis að gæta þess að þeim fjármunum sé útdeilt á sanngjarnan hátt og að vel sé farið með það fé. Tillögur Torgs hafa engin frekari fjárútlát í för með sér fyrir ríkið, heldur sparar þvert á móti þá fjármuni sem frumvarpinu er ætlað að úthluta aukalega, með því að endurúthluta álögum, sem þegnarnir bera nú þegar.

Að mati Torgs felst í því samfélagslega ábyrg afstaða, sem mikilvægt er að stjórnvöld skoði með alvarlegum hætti.

Að mati Torgs þarf einnig að huga að því að þróunin á fjölmiðlamarkaði hefur einkennst af tvennu. Annars vegar samrunum til að takast á við breytt fjölmiðlaumhverfi og hins vegar þróun sérhæfðra miðla, sem starfa bara á einu sviði. Hér innanlands má nefna fotbolti.net, turisti.is og icemag.is. Allir þessir miðlar hafa staðið sig vel á því sviði sem þeir starfa á, en eiga skv. frumvarpinu ekki rétt á styrk. Síðan eru til miðlar sem virðast uppfylla skilyrði frumvarpsins, en birta í raun ekkert annað en endursagnir af fréttum annarra miðla og svo persónulegar hugrenningar og skoðanir nokkurra einstaklinga, sem hafa skipað sig í ritstjórn miðilsins. Torg sér ekki mikinn mun á þessu tvennu, sem gerir það að verkum að annar eigi að geta notið styrks, en hinn ekki.

Að mati Torgs ættu stjórnvöld og svo löggjafinn að horfa til þess sem er að gerast í Danmörku með danska ríkisútvarpið, en þarlend stjórnvöld tóku þá ákvörðun að skera árleg, bein framlög til ríkismiðilsins niður um 20% í skrefum næstu fimm árin. Ríkismiðlinum var gert að ná fram

hagræðingu til samræmis, og er hún nú þegar hafin, meðal annars með lokun útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Menntamálaráðherra hefur látið hafa eftir sér að fyrirbyggjandi frumvarpsdrög séu nú í samráðsferli. Mikilvægt er að úr því samráði verði til afurð sem raunverulega máli skiptir hvað varðar framtíð frjálsra fjölmiðla á Íslandi.

Undirrituð eru reiðubúin að hitta starfsmenn ráðuneytisins, þar sem betur væri hægt að reifa þær hugmyndir og sjónarmið, sem koma fram í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg S. Pálmadóttir, forstjóri Torgs ehf.

Kristín Þorsteinsdóttir, útgefandi